

Menntamál ályktun

45. Þing BSRB krefst þess að opinberir vinnuveitendur ríki- og sveitarfélög og aðrir viðsemjendur aðildarfélaga bandalagsins taki sig á og sinni starfs- og menntamálum starfsmanna á opinberum vinnumarkaði með markvissari hætti en nú er.

Símenntun starfsmanna verður að haldast í hendur við örar breytingar og nýjar kröfur sem gerðar eru til vinnandi fólks nú í upphafi fjórðu iðnbyltingarinnar. Skapa þarf virkar leiðir fyrir starfsmenn til að sækja sér starfs- og símenntun samhliða störfum án launaskerðingar og tryggja verður aðgengi þeirra að raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf.

Félagsmenn aðildarfélaga BSRB verða að geta þróað starfshæfni sína alla starfsævina. Í því felst sameiginlegur ávinningur starfsmanna, vinnuveitenda og borgaranna sem nýta sér hina opinberu þjónustu.